

eigi dóminum breytt í þá átt, að skaðabótaupphæðin verði hækkuð, eins og áfryjandi hefir krafist. Hins vegar verður að staðfesta hinn áfryjaða dóm, þar sem honum hefir eigi verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Í málskostnað fyrir yfirdómi virðist rétt að áfryjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Tómas Jónsson greiði stefnda Friðgeiri Hallgrímssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 46/1909:

Réttvísinn
gegn
Guðjóni Símonarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Suður-Múlasýslu, uppkveðnum 4. júní þ. á., var hinn ákærði, Guðjón Símonarson á Nesi í Norðfirði, dæmdur samkvæmt 283. gr. sbr. 61. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, fyrir að leggja eld í hús sitt, í 1 árs betrunarhússvinnu, svo og til að greiða iðgjöld til þrotabús síns 72 kr., og allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun

5 kr. til talsmanns hans við aukaréttinn, Stefáns Stefáns-sonar póstafræiðslumanns.

Ákærði er skósmiður en fekst við mótorbátatúngerð þegar rannsókn byrjaði í þessu máli, og hafði bú hans, þar á meðal hús það, er hann bjó í með fjölskyldu sinni, þá fyrir skömmu verið tekið til skiftameðferðar sem þrotabú.

Seint um kvöldið 20. marz þ. á. var sýslumannin-um í Suður-Múlasýslu, sem þá var staddur á Nesi í Norðfirði, tilkynt að eldur væri kominn upp í húsi ákærða þar í kaupúninu, skamt þaðan, er sýslumaður dvaldi. Fór sýslumaður þegar á brunastaðinn og var eldurinn slöktur fyrir forgöngu hans, áður en neitt tjón varð að marki; hafa brunaskemdirnar á húsinu, sem er vátrygt gegn eldsvoða fyrir 6000 kr., verið metnar á 72 kr. Eldurinn kom upp í herbergi er áður var eldhús, en þá notað til geymslu, og segir í dómnum, að herbergi þetta liggja við gang, sem alt fólkið í húsinu gangi um. Í húsinu bjuggu 5 fjölskyldur, þar á meðal ákærði með konu sinni og 2 börnum þeirra, og var sumt fólkið hátt- að og í svefni þegar eldsins varð vart, en sumt ekki.

Sýslumann grunaði þegar um kvöldið, að kveikt hefði verið í húsinu viljandi, og lét heimilisfólkið, þar á meðal ákærða, vita, að rannsókn um brunann yrði hafin næsta dag, sem var sunnudagur, eftir messu. En áður en rannsóknin byrjaði þann dag, kom ákærði á fund sýslumanns og jataði sig sekan í brunanum. Við rannsóknina bar hann síðan fram svolátandi skýrslu: Kvöldið áður (20. marz) um kl. 8 fór hann inn í fyrnefnt geymsluherbergi, til að sækja steinolíu, sem hann átti þar í brúsa, og heltist óviljandi hjá honum steinolía á gólfíð;

hann greip þá jakka, sem hékk þar inni, og fór að þurka upp steinolíuna, svo kveikti hann í olíunni til að eyða henni, en bálið varð þá svo mikið, að hann varð að taka poka til að kæfa það. Meðan hann var að þessu, datt honum fyrst í hug að kveikja í húsinu, til þess að ná í brunabótaféð og komast þannig úr fjárkröggunum, sem hann var í. Tók hann því næst litla tusku, vætti hana í steinolíu, sem var eftir á gólfinu, og lagði hana á gólf-listann við milligerð í húsinu, en hengdi jakkann, sem áður var vættur í steinolíu, á nagla á þilinu uppundan tuskunni og kveikti síðan í henni; ætlaðist hann til að eldurinn læsti sig úr henni upp í jakkann; setti hann svo kolapoka fyrir framan íkveikjuna til að skuggja á, ef einhver kæmi. Að því búnu fór ákærði út úr herberginu og gekk frá því ólæstu; lék hann nokkra stund á orgel borðaði kveldverð og fór svo að háttu; var þá liðin hér um bil í klukkustund frá því er hann kveikti í tuskunni, og taldi hann vist, að ekkert hefði orðið úr íkveikjunni og áleit óþarft að gá að því. Eftir það sofnaði hann, en vaknaði aftur við það, að drengur hans grét í rúminu hjá honum, og var þá reykur kominn í herbergið. Hann þaut þá upp úr rúminu, greip börnin tvö, hljóp út með þau og kallaði um leið hástöfum til fólksins í húsinu til að gjöra því viðvart um eldinn, og sama gjörði kona hans, sem hann hafði vakið, og hljóp út á eftir honum. Slökkvítillraunir gjörði ákærði á þann hátt, að hann skvetti vatni úr forstofunni inn um rifu með reykháfum og inn með ofnþípu úr svefnherbergi sínu inn í geymsluherbergið, sem kona hans hafði læst um kvöldið, en lykillinn fanst ekki. Ákærði var þá orðinn svo hræddur, að hann þóttist ekki við prófið greinilega muna hvað hann gjörði.

Þessi skýrsla ákærða, sem hann endurtók og staðfesti í síðara réttarhaldi, að því viðbættu, að áhyggjur út af því, að kaupafólk, sem hann hafði á mótorbátsútgerð sinni, mundi ekki fá sumarkaup sitt úr þrotabúi ákærða, hafi einkum leitt hann til að kveikja í húsinu, er að vísu óskilmerkileg í ýmsum atriðum, en með því að hún fer ekki í bága við aðrar skýrslur málsins, það sem þær ná, og ekkert er að öðru leyti fram komið í málinu, er mæltir á móti framburði ákærða, verður að leggja skýrslu hans til grundvallar.

Eftir skýrslum málsins verður að ætla, að lífi þeirra manna, sem í húsinu bjuggu, hafi eigi verið nein hætta búin af brunanum, og það virðist einnig eftir atvikum mega gjöra ráð fyrir, að öðrum húsum hafi eigi staðið hætta af eldinum, þó að hann hefði ekki verið slöktur.

Ákærði hefir eigi áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Aldursskírteini hans hefir eigi verið fengið, en hann tjáist vera 31 árs að aldri, og með því að hann er kvæntur og á 2 börn með konunni, verður að telja nægilega vissu fengna fyrir því, að hann sé kominn yfir lögaldur sakamanna.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, ber að heimfæra afbrot ákærða undir 283. gr., 2. málser., hegningarlaga og þykir hæfilegt að refsa honum fyrir það með 18 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði á einnig að greiða allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Skaðabætur fyrir brunaskaða í húsinu verða eigi dæmdar í þessu máli, með því að þeirra er eigi krafist,

hvorki af hálfu þrotabús ákærða né af hlutaðeigandi vátryggingarfélagi.

Málið hefir af undirdómaranum verið rekið með nægilegum hraða, en það er aðfinsluvert, að hann hefir við rannsóknina yfirheyrt 8 vitni í senn, en ekki hvert út af fyrir sig, eins og fyrir er mælt í N. L. 1—13—8, og að eigi hefir verið útvegað aldursskirteini ákærða, og hegningarfottorð úr Árnæssýslu. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Símonarson sæti 18 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í héraði skal auka réttardóminum óraskað. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og verkjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember.

Nr. 37/1909: Hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis gegn

Sigurði Ingimundarsyni, Jóhanni Jónssyni, Gísla Magnússyni, Magnúsi Þórðarsyni og Stefáni Björnssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði fúgetaréttar Vestmanna-